

Fundargerð

16. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 21. september 2005, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Gunnlaugur Karlsson, Fríða Rún Þórðardóttir, unglíngalandsliðsþjálfari og formaður íþróttamannanefndar, Guðmundur G. Kristinsson, markaðsstjóri og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerðir

Fundargerð 15. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

Samþykkt að afgreiða fundargerð 14. fundar milli funda, en afgreiðslu hennar var frestað á síðasta fundi.

2. Þing, fundir og námskeið.

a. Móta- og aukaping EAA 13. – 15. okt. nk.

Samþykkt að fulltrúar FRÍ á Aukapingi EAA 15. október nk. verði Birgir Guðjónsson, Unnur Sigurðardóttir og Egill Eiðsson. Þorsteinn Þorsteinsson til vara.

Stefán greindi frá undirbúningi vegna þingsins. Um 270 erlendir gestir hafa þegar boðað þátttöku sína á þinginu, en skráningu lauk 14. sept. sl., en þó má búast við að eitthverjir bætist við á næstu dögum. Nú er orðið ljóst að ekki verður hægt að framkvæmda vígslumót í nýju höllinni í tengslum við þingið vegna tafa á framkvæmdum. Undirbúningur er að öðru leyti á áætlun.

b. Framkvæmdastjórafundur Norðurlanda.

Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi vegna fundar framkvæmdastjóra Norðurlandanna, sem fram fer hér á landi á föstudag og laugardag. Erlendu gestirnir sex gista á hóteli Park-inn Íslandi, en fundurinn fer fram í fundarsal ÍSÍ og mun framkvæmdastjóri sitja fundinn fyrir hönd FRÍ, ásamt Fríðu Rún Þórðardóttur.

c. Mótaping FRÍ í nóvember. Framkvæmdastjóri komi með tillögu að dagsetningu fyrir mótapingið í nóvember nk. í samráði við formann.

d. Frjálsíþróttaping 2006. Formaður og framkvæmdastjóri komi með tillögu að dagsetningu og staðsetningu fyrir þingið, sem fram á að fara í mars eða apríl á næsta ári.

e. EACA námskeið í Sofíu. Samþykkt að Hlynur Guðmundsson hljóti styrk (upphald og námskeiðsgjald) á námskeið EACA (Frjálsíþróttapjálfarafélags EAA) í Sofíu í byrjun nóvember nk.

f. Fyrirlestur VH á Íslandi. Rætt um fyrirlestur Vésteins Hafsteinssonar hér á landi á næstunni. Samþykkt að Unnur komi með tillögu að dagsetningu og hugmyndir um efnistöku fyrir fyrirlestur Vésteins.

3. Mótamál.

a. MÍ í 10.000m karla og 5.000m kvenna 13. sept. sl.

Sex tóku þátt í 10.000m karla, en engin kona skráði sig í 5.000m hlaup. Stefán Halldórsson sagði að ræða þyrfti framtíð þessara hlaupa á næsta þingi.

b. Víðavangshlaup Íslands. Samþykkt tillaga frá mótshaldara að dagsetningu fyrir Víðavangshlaup Íslands, en hlaupið fer fram í Mjóddinni sunnudaginn 16. október nk. í umsjón frjálsíþróttadeildar ÍR.

c. NM í víðavangshlaupi 12. nóv. nk. í Hamina í Finnlandi. Rætt um mögulega þátttöku Íslands í keppninni, en á síðasta ári sendi Ísland einn keppenda í unglíngaflokk. Samþykkt að óska eftir umsögn ÍÞA um mögulega þátttakendur, ásamt rökstuðningi, ef ÍÞA mælir með þátttöku íslenskra keppenda.

- d. Samstarf Smáþjóða. Formaður ræddi um hugmyndir að auknu samstarfi frjálsíþróttasambands Smáþjóða, m.a. um sameiginlega vefsíðu, sem vistuð yrði á vefsíðu EAA.
- e. Ferðareglur FRÍ. Frestað. Stefna skuli að því að leggja nýjar ferðareglur FRÍ fram til kynningar á mótþinginu í nóvember nk.
- f. Vígsla nýju hallarinnar í Laugardal. Hefur verið frestað um óákveðin tíma. Samstarfsnefnd FÍRR og FRÍ hefur verið mynduð og í henni sitja fyrir hönd FRÍ, Stefán Halldórsson og Egill Eiðsson.

4. Fræðslu – og útbreiðslumál.

- a. Landsliðsþjálfaramál. Rætt. Samþykkt að formaður, ásamt Einari og Unni skoði málið betur.
- b. Samstarf við önnur sérsambönd. Formaður ræddi um aukið samstarf við önnur ólympísk sérsambönd, sérstaklega er varðar sameiginlega hagsmundi s.s. vegna þátttöku á Smáþjóðarleikum.
- c. Fundur um fræðslu og útbreiðslumála hjá ÍSÍ. Framkvæmdastjóri greini frá fundi á vegum ÍSÍ þann 12. sept. sl. Samþykkt að framkvæmdastjóri taki saman helstu atriði frá fundinum og sendi til stjórnarmanna.
- d. Helstu breytingar á keppnisreglum IAAF 2005. Birgir Guðjónsson lagði fram lista yfir helstu breytingar, sem samþykktar voru á keppnisreglum IAAF á þingi sambandsins í ágúst sl. Samþykkt að Birgir kynni breytingarnar betur á mótþinginu í nóvember.

5. Fjármál.

- Ásreikningar 2004. Lagðir fram og undirritaðir af viðstöddum stjórnarmönnum.
- a. Staða fjármála og fjáraflana. Rætt.
- b. Merkisberaverkefnið. Guðmundur Kristinsson kynnti stöðu og framkvæmdaáætlun verkefnisins á fundinum, en hann hefur unnið að undirbúningi þess á undanförunum mánuðum í samráði við markaðsráð FRÍ. Verkefnið verður sett af stað um miðjan október nk. Rætt.
- c. Frjálsíþróttablaðið. Ákveðið er blaðið komi út 13. október nk., sem sérblað með Morgunblaðinu. Fram kom að auglýsingasala hafi gengið vel og nú þegar ljóst að blaðið muni skila hagnaði að þessu sinni.
- d. Stofnun FRÍ ehf. Lögð fram stofnskrá, stofngerð og samþykktir vegna stofnunar einkahlutafélags, FRÍ ehf. utan um útgáfumál sambandsins. Samþykkt.

6. Innsend erindi/mál.

- a. ÍSÍ, dagsett 31. ágúst sl., tilkynning um styrk að upphæð USD 10.000 í verkefnið “FRI Youth Elite Group 2005.” Fríða Rún sagði nánar frá verkefninu, sem hún hefur umsjón með.
- b. ÍBR, dagsett 16. sept. sl., svar við beiðni um styrk vegna EAA þings. Fram kom að ÍBR veiti FRÍ kr. 100.000 vegna þingsins, gegn því að fá aðstöðu til kynningar á Reykjavíkumaraþoni á mótþinginu. Samþykkt.

7. Önnur mál.

- a. Birgir greini frá fundi í Læknanefnd IAAF, sem hann sat í Mónakó fyrir skömmu.
- b. Rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir á Laugardalsvelli, sem kynntar hafa verið í fjölmiðlum í vikunni. Samþykkt að óska fundi með KSÍ þar sem málið yrði kynnt fyrir FRÍ.